


Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 11. ágúst 2023

Viðkoma rjúpu 2023

Rjúpan er mikilvægasta bráð íslenskra skotveiðimanna. Stofnstærð rjúpu tekur miklum breytingum á milli ára og þessar stofnbreytingar endurspeglast skýrt í rjúpnaveiði. Uppistaðan í rjúpnaveiði hvers árs eru ungfuglar og er viðkoma rjúpu því góður áviti á veiðihorfur. Frjósemi rjúpu er mikil, fuglarnir verða kynþroska árgamlir, hver kvenfugl verpir að jafnaði um 11 eggjum og síðsumars eru vanalega 7 til 8 ungar á kvenfugl. Þetta er þó ekki algilt og sum ár eru unгахóparnir miklu mun smærri að jafnaði eða 3 til 5 ungar á kvenfugl og þá er talað um viðkomubrest í stofninum.

Viðkoma rjúpu er metin með talningum úti í mörkinni í lok júlí og í byrjun ágúst. Náttúrufræðistofnun hefur vaktað viðkomu rjúpu á Vesturlandi og Norðausturlandi um langa hríð. Ákveðið var, með öflugum stuðningi Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, að bæta við átakið nú í sumar og vakta viðkomu rjúpu í öllum landshlutum (1. mynd). Til að ná þessu var leitað til eigenda fuglahunda um aðstoð við talningar (2. mynd). Náttúrufræðistofnun sá um talningar á Norðausturlandi en hundamenn í öðrum landshlutum (1. tafla).



1. mynd. Skipting Íslands í veiðisvæði samkvæmt kortasjá Umhverfisstofnunar. Þessari skiptingu var fylgt við rjúpuungatalningar 2023. Landshlutarnir eru Suðurland (SU), Vesturland (VE), Vestfirðir (VF), Norðvesturland (NV), Norðausturland (NA) og Austurland (AU).





2. mynd. Enski setinn Kaldbaks Snerpa á standi á rjúpu. Vestfirðir, júlí 2023. Ljósmynd. Þorsteinn Friðriksson.


1. tafla. Niðurstöður talninga rjúpuunga sumarið 2023.

Landshluti	Kvenfuglar sem fundust	% kvenfugla án unga	Ungar á kvenfugl	% ungar í stofni
Suðurland	22	0,0%	6,82	77,3%
Vesturland	45	11,1%	6,64	76,9%
Vestfirðir	20	5,0%	6,70	77,0%
Norðvesturland	41	2,4%	5,61	73,7%
Norðausturland	76	34,2%	3,72	65,1%
Austurland	25	36,0%	4,08	67,1%
Samtals	229	18,3%	5,23	72,4%

Ath: hlutfall unga í stofni er reiknað miðað við að helmingur unga sem sást séu kvenfuglar.


Samtals fundust 229 kvenfuglar í talningunum. Að jafnaði voru um 18% kvenfuglanna án unga og meðalfjöldi unga á kvenfugl var 5,23 (kvenfuglar án unga eru með í þessum útreikningi). Niðurstöður talninga voru mismunandi eftir landshlutum (1. tafla, 3. mynd). Á Suðurlandi, Vesturlandi og á Vestfirðum var viðkoman svipuð eða 6,6 til 6,8 ungar á kvenfugl. Viðkoman var mun lakari á Norðausturlandi og Austurlandi eða 3,7 og 4,1 ungi á kvenfugl. Norðvesturland raðaði sér mitt á milli þessara tveggja hópa og þar voru að jafnaði 5,6 ungar á kvenfugl (1. tafla).





3. mynd. Stærð unghópa hjá rjúpu 2023 skipt eftir landshlutum. Kvenfuglar án unga eru teknir með.

Í sögulegu samhengi er viðkoman á Norðausturlandi og Austurlandi 2023 mjög léleg. Aðeins einu sinni áður hefur mælst lægra gildi en það var á Norðausturlandi í fyrra (2,9 ungar á kvenfugl). Viðkoman á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfirðum var svipuð og mælst hefur tíðast síðastliðin 10 ár (4. mynd), þ.e. 6 til 7 ungar á kvenfugl. Viðkoman á Norðvesturlandi var slök og mitt á milli þess sem var annars vegar á sunnan- og vestanverðu landinu og hins vegar á norðaustan- og austanverðu landinu.



4. mynd. Meðalfjöldi rjúpuunga á kvenfugl 1964 til 2023, skipt eftir landshlutum.



Til lengri tíma litið þá hefur viðkoma rjúpu versnað og þessi hnignun hófst um síðustu aldamót (4. mynd). Eins vekur athygli að tilvik þar sem hægt er að tala um viðkomubrest virðast vera orðin tíðari. Þetta sést ef skoðuð er gagnaröðin frá Norðausturlandi. Þar eru tvö þekkt tilvik frá því fyrir 2010 (árin 1966 og 1992), en fjögur tilvik eftir 2010 og þar af eru þrjú frá síðustu fjórum árum (árin 2020, 2022 og 2023)! Miðað við fyrri greiningar ræðst viðkomubrestur hjá rjúpu af tíðarfari í júní og júlí. Úrkoma, hitastig og vindafar skipta þar máli. Þetta var reyndin í sumar og það var kalt og úrkomusamt norðanlands og austan í byrjun júlí og öllum mátti vera ljóst í hvað stefndi (<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-07-05-haett-vid-ad-rjupnaungar-drepist-ur-kulda-fyrir-nordan-387057>).

Miðað við niðurstöður ungatalninga þá verður metinn veiðistofn rjúpu á Norðausturlandi og Austurlandi í haust miklu mun minni en vænst var. Hefði viðkoman í þessum tveimur landshlutum verið líkt og best var á vestanverðu landinu nú í sumar þá yrði matið um 50% hærra. Ef viðkoman hefði verið svipuð og tíðast var fyrir aldamót (um 8 ungar á kvenfugl), þá yrði matið um 70% hærra. Mikilvægt er að hafa í huga að stór hluti varplanda rjúpunnar, sem eru mólendi af ýmsum gerðum, er á Norðausturlandi og Austurlandi eða 46%. Mikilvægi þessara uppeldisstöðva sést líka við skoðun á meðalveiði árána 1998 til 2021 en 45% rjúpnaveiðinnar kom úr þessum tveimur landshlutum.

Samandregið þá var viðkomubrestur hjá rjúpum á Norðaustur- og Austurlandi í sumar, viðkoman var léleg á Norðvesturlandi, en á Suðurlandi, Vesturlandi og á Vestfjörðum var viðkoman í samræmi við það sem almennt hefur verið síðustu 10 ár eða svo. Rjúpnatalningar síðastliðið vor sýndu litlar breytingar á stofnstærð samanborið við árið 2022. Á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðvesturlandi var stofninn nærri hámarki að stærð, á Norðausturlandi var stofninn rétt yfir meðaltali, en um meðaltal á Suðurlandi og Austurlandi (sjá <https://www.ni.is/is/frettir/2023/07/rjupnatalningar-2023>).

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@ni.is eða í sínum 5 900 500 og 843 9935.

